

Líf og list



Umsjón:
Katrín Páls-
dóttir



Konráð Axelsson, framkvæmdastjóri Myndkynningar, með verk eftir Chagall. Vísismynd JA.

Kjarvalsstaðir:

Grafík eftir Picasso, Chagall, Miró, Dali, Appel og Erró

Myndkynning hefur opnað grafík-sýningu að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru myndir eftir frægustu myndlistarmenn heims t.d. Picasso, Chagall, Miró, Dali, Vasarely, Appel, Clavé, Erró, Bellmer, Dine, Corneille, Lam og fl.

Alls eru um 70 verk á sýningunni, og eru þau flest til sölu.

Grafíkmyndirnar á Kjarvalsstöðum voru fengnar hingað til lands frá Svíþjóð.

Verk eftir þessa heimsfrægu meistara kosta skilding. Dýrasta myndin á sýningunni kostar 4,7 milljónir króna og er eftir Chagall.

Þrjár myndir eru á sýningunni eftir Picasso. Tvær eru gerðar árið 1934 og ein árið 1972. Þær kosta frá 1,7 og upp í 2 milljónir króna.

Þetta er fjórða grafík-sýningin sem Myndkynning stendur fyrir að Kjarvalsstöðum. Hin fyrsta var haldin árið 1976. — KP

„Eina ósk“ Jóhanns G. í undanúrslitum — í alþjóðlegri söngvakeppni


„Ég tók þetta lag upp á kassettu heima hjá mér af rælni og sendi það með fleiri lögum,“ sagði Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmaður í samtali við Vísi.

Lag Jóhanns „Eina ósk“, sem Björgvin Halldórsson söng inn á plötu, hefur nú komist í undanúrslit á alþjóðlegri söngvasamkeppni í Bandaríkjunum. Úrslit keppinnar munu væntanlega liggja fyrir síðar í þessum mánuði, en 1. verðlaun eru 5.000 dollarar.

„Ég komst álíka langt með lagið „Critic song“ í fyrra, sem þá var flutt af Póker, en það varð ekki eitt af þeim þrem sem fengu hæstu verðlaunin“ sagði Jóhann.

Hann sagðist alls ekki hafa átt von á því, að lagið „Eina ósk“ kæmist neitt áfram í keppinni, þar sem það væri sungið á íslensku. Hingað til hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir, að ekki þýddi að senda lög á erlenda markað, nema textinn væri á ensku. Samkvæmt þessu virðist það ekki vera ófrávikjanleg staðreynd.

Þessi keppni, sem nefnist The American Song Festival, hefur



Jóhann G. Jóhannsson sendi „Eina Ósk“ í söngvakeppni til Bandaríkjanna, og er það nú komið í undanúrslit.

verið haldin árlega síðan 1974. Tilgangurinn er að finna góða lagasmíði og sér fjöldi manna um að dæma lögin. Tvenn fyrstu verðlaun eru veitt, önnur fyrir lög áhugamanna, hin fyrir lög atvinnumanna, en auk þess eru veitt mörg minni verðlaun. — SJ

„Það var maí-kvöld í Moskvuborg...“

Arni Bergmann:
Miðvikudagar í Moskvu.
Útgefandi: Mál og menning.

bókmenntir



Illugi
Jökulsson
skrifar

Arni Bergmann segir í nokkurs konar eftirmála þessarar bókar, að höfuðtilgangur hans með ritun hennar hafi verið að þoka Sovétríkjunum nær okkur. Þar hefur eflaust verið þörf á, sennilega má ekkert land og engin þjóð búa við jafnmikla fordóma þeirra, sem litð eða ekkert þekkja til. Til þessa starfa er Arni Bergmann kjörinn, hann stundaði sem kunnugt er nám í Moskvu á árunum 1954-1962 og hefur verið viðbandandi landið á ýmsan hátt síðan, uglaust er það rétt sem segir á bókarkápu, að enginn Íslendingur hafi kynnst sovésku samfélagi eins náð og hann.

Arni lýsir í bókinni sovésku þjóðinni af mikilli samúð og reynir að sýna lesara inn í sál hennar. Hann leggur á það áherslu að í raun sé um margar þjóðir að ræða, fjallar um einkenni ýmissa þeirra, t.d. ritar hann mjög fróðlega kafla um gyðinga og stöðu þeirra, bæði fyrr og nú, eftir tengdamóður sinni. Það er hversdagur hinnar sovésku þjóðar, sem Arni leitast við að lýsa og ekki síst hvernig það skipulag, sem við lýði er, hefur mótað þjóðina.

Það er óneitanlegt, að þessi bók er öðrum þræði uppgjör Arna Bergmanns við þetta sama þjóðskipulag og þá, sem því hafa komið á. Þegar Arni fór til náms í Moskvu var Jósef Stalín nylátinn og meðan á dvöl hans stóð var vegur Krúsíofs sem mestur. Arni rekur skilmerkilega þær vonir sem bundnar voru við Krúsa og „Þíbuna“ á valdatíma hans, svo

og vonbrigðin, þegar umbæturnar reyndust fremur orðin en raunverulegar. Hann reynir að skilgreina, hvað það var sem úrskaiðis fór og gerði það að verkum, að ekki tókst betur til, fjallar ýtarlega um valdakerfi landsins, rithöfunda, menntamenn, andófsmenn og áhrif alls þessa á þjóðina sjálfa. Þetta gerir hann frá „marxísku sjónarhorni“, eins og það heitir vist, en þó mjög heiðarlega og hleypidómalaust. Það kemur vist fáum á óvart, að af


þeim sundurleita hópi, sem sovéskir andófsmenn eru, virðist Arni hvað hrifnastur af Roj Medvedéf og bróður hans Zjores, eitthvað virðast þeir líkir í lund...

Það er ekki mitt að fjalla mjög um hina pólitísku hlið bókarinnar — líkastil stendur það Svarthöfða nær að finna veilir í þeim málflutningi, sem sanna að auðvitað hafi Arni Bergmann allan tímann haldið með kommúnun! — en mikil er sök Stalíns.

Þessi bók ber það nokkuð greinilega með sér, að hún er samin af gamalreyndum blaðamanni og svipar sumum hlutum hennar raunar meira til blaðagreina en bókarkafli. Það er kannski höfuðgalli bókarinnar, að svo virðist sem Arna hafi ekki tekist nema máttulega vel að sauma saman hinar ólíku hliðar hennar — fræðilegar útlístanir, lýsingar á þjóð og þjóðhátum, persónulegar hugleiðingar og loks minningar hans sjálfs — kaflarnir eru þýsna ólíkir innbyrðist og á stundum er bókin dálítið sundurlaus. Svo ég býi mér til dæmi, þá er Arni máski að skrifa — af hæfilegri léttúð — um eigin ástarglettur í Moskvu, en vindur sér svo í það, án frekari málalenginga, að útskýra sovéska landbúnaðarstefnu eða eitthvað viðlíka....

Vera má að gildi þessarar bókar felist fyrst og fremst í fróðleik um Sovétríkin eða pólitískum útlistunum á þeim. En þar tekst Arna best upp, er hann lýsir af miklum skilningi, samúð og snilld ýmsum persónugervingum sovésku þjóðanna, — rithöfundinum Ehrenbürg, málaranum Sarjan, kvikmyndaleikstjóranum Paradzjanof og svo einhverjum meðal-ívan, sem reynir að leiða pólitík hjá sér og lífa sínu lífi sem óbreyttur þegn síns lands.

IJ



Arni Bergmann



Litla leikfélagið í Garðinum tekst á hendur víðamikilværfekni, en félagið sýnir um þessar mundir Þið munið hann Jörund. Myndin er af aðstandendum sýningarinnar. Mynd: Hreggviður Guðgeirsson.

JÖRUNDUR Í GARÐINUM

Litla leikfélagið í Garðinum hefur tekið til sýninga Þið munið hann Jörund, eftir Jónas Arnason. Önnur sýning á leikritinu verður í kvöld klukkan 20.30 í Samkomuhúsinu.

Fimmtán leikarar taka þátt í sýningunni, en leikstjóri er Jakob S. Jónsson, sem starfar sem þýðandi og dagskrármaður hjá sjónvarpinu.

Flestir kannast við söngvana úr leiknum, en þeir hafa verið gefnir út á hljómplötu í flutningi Þriggja á palli.

Fyrirhugað er að hafa sex sýningar á leikritinu fyrir jólin, og sýningar verða teknar upp eftir hátíðar. Þá er einnig ætluin að sýna leikinn á Seltjarnarnesi eftir áramótin.

Litla leikfélagið hefur lagt mikla áherslu á að kynna skóla-krökkum vinnuna í leikhúsi. Opin æfing var í byrjun desember fyrir Gagnfræðaskólann í Keflavík. Þá mættu um 30 unglingar, sem hafa

aðstoðað við undirbúning sýningarinnar.

Æfingar á barnaleikriti hefjast bráðlega. Það nefnist Spegilmaðurinn og er eftir Brian Way. Það er þýtt af félögum leikfélagsins og verður því frumflutt í Garðinum..

Leikurinn er mjög auðveldur í uppsetningu og er nýstárlegur að því leyti, að leikið er á gólfinu meðal áhorfenda. Félagsmenn ætla sjálfir að leikstýra því í hóp-vinnu. Vonast er til að frumsýning verði í febrúar.

— KP.